

## 3. gr.

Höfuðstól minningarsjóðsins eins og hann er og verður á hverjum tíma má aldrei skerða. Sjóðsstjórninni er heimilt að úthluta styrkjum samkv. 2. gr. sem svarar  $\frac{2}{3}$  hl. ávöxtunarfjár, en  $\frac{1}{3}$  hl. leggist við höfuðstólinn. Þetta hlutfall má hækka ef meirihluti sjóðsstjórnar telur að sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

## 4. gr.

Eignir minningarsjóðsins eru stofnfé hans kr. 100 000,00 svo og þær gjafir, framlög og aðrar tekjur sem honum kunna að berast í framtíðinni frá einstaklingum og fyrirtækjum. Sjóðsstjórnin skal varðveita eignir minningarsjóðsins í Útvegsbanka Íslands, Keflavík og leita ráðleggingar bankans um hagstæðustu ávöxtun hverju sinni.

## 5. gr.

Minningarsjóðnum stjórnar 5 manna sjóðsstjórn. Þrír skulu vera úr stjórn Þroskahjálpar á Suðurnesjum, þ. e. formaður, ritari og gjaldkeri og tveir tilnefndir af niðjum Ólafis Sólímans Lárussonar.

Að afloknum hverjum aðalfundi Þroskahjálpar á Suðurnesjum, kemur sjóðsstjórnin saman og skiptir með sér verkum.

Sjóðsstjórnarmenn fá enga þóknun fyrir störf sín í þágu minningarsjóðsins. Sjóðsstjórnin bókar alla fundi í sérstaka fundargerðabók og skráir þar einnig allar umsóknir og ákvarðanir um styrkveitingar, svo og hvað annað sem hún ræðir um varðandi minningarsjóðinn og hagsmuni hans. Ályktanir sjóðsstjórnarinnar eru gildar og bindandi fyrir minningarsjóðinn ef meirihluti sjóðsstjórnarmanna er sammála um þær.

## 6. gr.

Reikningsár minningarsjóðsins er Almanaksárið. Gjaldkeri sjóðsins innir af hendi allar greiðslur og útborganir af hálfu sjóðsins. Hann gengur frá reikningi hans innan tveggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs og skal reikningurinn síðan endurskoðaður af kjörnum endurskoðendum Þroskahjálpar á Suðurnesjum og færður inn í fundargerðarbókina.

## 7. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef þörf krefur vegna breyttra tíma og aðstæðna. Þarf samþykki allra sjóðsstjórnarmanna til slíkra breytinga. Nafni sjóðsins og aðaltilgangi hans samkvæmt 2. gr. má þó aldrei breyta. Þó getur stjórnin vikið frá aðaltilgangi í sérstökum tilfellum án breytinga á skipulagsskrá, en þó aðeins að allir stjórnarmenn séu því samþykki.

**REGLUGERÐ****um bann við veiðum í þorskfisknet um páska 1984.**

## 1. gr.

Á tímabilinu frá kl. 22,00 17. apríl 1984 til kl. 12,00 á hádegi 24. apríl 1984 er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

## 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi, með áorðnum breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 20. mars 1984.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### um náttúruverndarþing.

## 1. gr.

Náttúruverndarþing kemur saman þriðja hvert ár. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna, sem það telur brýnast að leysa í náttúruverndarefnum.

## 2. gr.

Á náttúruverndarþingi eiga sæti:

1. Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
2. Einn fulltrúi fyrir hvert af eftirfarandi samtökum: Samband dýraverndunarfélaga Íslands, Ferðamálaráð, Fuglaverndarfélag Íslands, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvernd, Bandalag íslenskra skáta, Skógræktarfélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag íslenskra farfugla, Ferðafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Arkitektafélag Íslands, náttúruverndarsamtök, er hlotið hafa viðurkenningu Náttúruverndarráðs: Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Náttúruverndarfélag Suðvesturlands, Náttúruverndarsamtök Vesturlands, Vestfirsk náttúruverndarsamtök, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Landssamtökin Líf og land, Skotveiðifélag Íslands, Æðarræktarfélag Íslands, Landssamtök ferðamannabænda, Landssamband veiðifélaga, Landssamband stangaveiðifélaga, Félag leiðsögumanna, Landfræðifélagið, Landvarðafélag Íslands, Landssamband hestamanna og Líffræðifélag Íslands.
3. Þrjú fulltrúar fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands, sérfróðir um jarðfræði, grasfræði og dýrfræði. Tveir fulltrúar fyrir verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands (einn frá líffræðiskor og annar frá jarðfræðiskor). Einn fulltrúi frá Félagi náttúrufræðinema við Háskóla Íslands.
4. Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
5. Náttúruverndarráð, aðalmenn og varamenn.
6. Eftirtaldir embættismenn: Búnaðarmálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri rannsóknaráðs, landgræðslustjóri, landlæknir, formaður eiturefnanefndar, siglingamálastjóri, yfirdýralæknir, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins,